

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 52/2000**

**frá 28. júní 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2000 frá 31. mars 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/75/EB frá 22. júlí 1999 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 46b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0075:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/75/EB frá 22. júlí 1999 (Stjtið. EB L 206, 5.8.1999, bls. 19).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 15.6.2000, bls. 268.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 206, 5.8.1999, bls. 19.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/75/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vík*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.